

Nd.

93. Frumvarp til laga

[68. mál]

um afnám aðflutningsgjalda af dráttarvélum og vélum í fiskiskip.

Flm.: Pétur Ottesen, Ólafur Thors, Sigurður Ágústsson.

1. gr.

Dráttarvélar og vélar í fiskiskip skulu undanþegnar öllum aðflutningsgjöldum. Í lögum þessum merkir aðflutningsgjald verðtoll, vörumagnstoll, söluskatt og framleiðslusjóðsgjald.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Aðflutningsgjöld af bátavélum eru nú orðin svo há, að engan veginn er viðhlítandi. Verðtollur með álagi er 12.9%, söluskattur er 7.7%, framleiðslusjóðsgjald 9.9%. Auk þess er vörumagnstollur af vélum þessum 24.5 aurar á kg.

Þessi miklu aðflutningsgjöld af vélunum hafa leitt til þess, að algengt er, að útgerðarmenn sendi báta til útlanda, þegar skipta þarf um vélar í þeim, og fáir verkið unnið þar til þess að losna við aðflutningsgjöldin, því að af nýjum vélum, sem settar hafa verið í bátana og til landsins fluttar með þeim hætti, eru engin aðflutningsgjöld greidd.

Er með þessu ýtt undir öfugþróun í atvinnurekstri landsmanna, því að öll skilyrði eru fyrir hendi hér á landi til þess að inna þetta verk af hendi jafnvel og örugglega og erlendis. Þá hefur það komið í ljós, að þessi hásköttun vélanna hefur leitt til þess, að teflt er löngum á tæpt vað með því að senda báta með lélegum og úrsérgengnum vélum til útlanda, og er þess ekki langt að minnast, að allar líkur benda til, að þetta hafi orðið að tjóni.

Er með frumvarpi þessu lagt til, að felld verði niður aðflutningsgjöld af vélum þessum. Enn fremur er lagt til, að hið sama gildi um dráttarvélar, en þær eru aðallega notaðar við landbúnað. Aðflutningsgjöldin af þeim eru hin sömu að öðru leyti en því, að vörumagnstollurinn er litlu lægri á þeim en bátavélunum.